



Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr sjóði er verkefnisstjórn Skaftárhreppur til framtíðar veitir styrki úr í umboði Byggðastofnunar.

Umsóknum skal skilað á tölvutæku formi, til dæmis Word, á netfangið eirny@sudurland.is Eirný veitir jafnframt nánari upplýsingar ef þess er óskað. Frestur er til klukkan 16.00 þriðjudaginn 29. september, 2015.

Úthlutunarreglur verkefnisins Skaftárhreppur til framtíðar, haust 2015

1. Umsóknum skal skilað á tölvutæku formi til dæmis Word.
2. Þeir sem geta sótt um styrk eru lögráða einstaklingar, fyrirtæki, félagasamtök og stofnanir með heimilisfestu í Sveitarfélaginu Skaftárhreppi.
3. Umsækjendum er heitið trúnaði varðandi umsóknir þeirra en birtar verða opinberlega hvaða verkefni eru styrkt, heiti þeirra og upphæð.
4. Verkefni eða sá hluti verkefnis sem styrktur er skal að jafnaði ekki standa yfir lengur en í eitt ár. Sé um að ræða langtíma verkefni skal gera grein fyrir áföngum í verkefninu og óska einungis eftir styrk fyrir þeim hluta sem áætlað er að ljúka innan 12 mánaða frá undirskrift samnings um styrkveitinguna.
5. Samningur er gerður um sérhverja styrkveitingu. Hafi samningur ekki verið undirritaður við styrkþega að 3 mánuðum liðnum frá tilkynntri úthlutun fellur styrkveitingin sjálfkrafa niður.
6. Styrkir greiðast út eftir framvindu verkefna og samkvæmt samningi. Forsenda greiðsla er að áfanga- eða lokaskýrsla hafi verið samþykkt. Lokagreiðsla skal ekki vera undir 250 þúsund krónum. Þegar úthlutun hefur verið kunngjörð er um að ræða endanlega niðurstöðu. Ekki er hægt að fara fram á endurmat á einstökum umsóknum.
7. Til ráðstöfunar eru sjö milljónir króna. Verkefnisstjórn getur ákveðið að ráðstafa allri fjárhæðinni í eitt verkefni. Haustið 2015 er lágmarks styrkupphæð 500 þúsund krónur. Ekki er krafist mótframlags.
8. Við mat á umsóknum verður tekið mið af hversu vel verkefnið fellur að skilaboðum frá íbúáþingi 2013, sjá slóðina http://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar_byggdir/samantekt-skaftarhreppur-lok.pdf

Einnig verður tekið mið af:

Að vænt útkoma nýtist sem flestum.

Að verkefnið trufla ekki samkeppni í sveitarfélaginu.

Að verkefnið leiði til atvinnusköpunar á heilsársgrundvelli.

Að útfærsla verkefnisins sé líkleg til árangurs og þekking/reynsla til staðar. Að markaðslegar og/eða rekstrarlegar forsendur eru trúverðugar.

Að áhrifa verkefnis gæti fyrst og fremst í Skaftárhreppi.

Að verkefnið hvetji til samstarfs og samstöðu.

Að styrkveiting hefur mikil áhrif á framgang verkefnis.




Verkefnið Skaftárhreppur til framtíðar

Í október 2015 verður haldinn íbúafundur um verkefnið, meðal fundarefnis verður tilkynning um úthlutun styrkja, mótun stefnu og framtíðarsýn. Stund og staður verður auglýst síðar.

Við vonumst til að sjá ykkur sem flest og skiptast á skoðunum um hvað það er frá íbúáþingi sem ætti að vera leiðarstef í stefnumótun og framtíðarsýn. Þar sem tvö ár eru síðan íbúáþing var haldið er ekki úr vegi að rifja upp forgangsröðunina.

Í lok þingsins forgangsröðuðu þátttakendur málaflokkum, út frá mikilvægi fyrir eflingu byggðar í Skaftárhreppi. Hver þátttakandi fékk 10 punkta til að útteila á málaflökka eftir eigin mati. Niðurstaðan er sú að atvinnumál almennt vega einna þyngst, en fjarskipti og rafmagn, húsnæðismál, byggðaþróun og landbúnaður fylgja fast á eftir. Athygli kann að vekja að ferðaþjónusta er ekki í efstu flokkum, ekki síst þar sem rætt var um tækifæri í ferðaþjónustu í mörgum umræðuhópum. Ástæðan virðist vera sú að „undirtitill“ hópsins sem sérstaklega fjallaði um ferðaþjónustu var „agi og gæði“. Því ber ekki að túlka myndina hér fyrir neðan þannig að íbúar Skaftárhrepps hafi minni tiltrú á ferðaþjónustu sem atvinnugrein en t.d. landbúnaði, heldur þvert á móti. Sem dæmi má nefna að á þinginu urðu einmitt miklar umræður um tækifæri í samtengingu landbúnaðar og ferðaþjónustu. Samkvæmt forgangsröðuninni má svo draga þá ályktun að úrbætur í samgöngumálum brenni með öðrum hætti á íbúum Skaftárhrepps, en íbúum afskekktari byggðarlaga, enda liggur svæðið vel við hringveginum.

Nýsköpun í atvinnulífi, þar sem byggt er á þeim grunni sem þegar er til staðar í landbúnaði og ferðaþjónustu og byggt á sérstöðu í náttúru og sögu, er mikilvægasta viðfangsefnið. Forsendan er sú að til staðar sé atvinnu- og íbúðarhúsnæði, fjarskipti og þriggja fasa rafmagn. Þetta samspil er grundvöllur að eflingu byggðar í Skaftárhreppi.



Fulltrúar íbúa í verkefnisstjórn eru Auður Guðbjörnsdóttir og Auðbjörg Bjarnadóttir. Sandra Brá Jóhannsdóttir er fulltrúi Skaftárhrepps. Eirný Vals er verkefnisstjóri.

ⁱ Tilvitnun í íbúáþing og mynd af forgangsröðun er úr bæklingnum Skaftárhreppur til frambúðar, skilaboð íbúáþings október 2013. Ildi